

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, sem staðfest var þann 14. ágúst 1979. Breytingin felst í að byggingareitum Lyngbarðs 1-9 er breytt, þannig að möguleiki er á tengibyggingu milli húss og bílskúrs og að byggja sólstofu á vesturgafli íbúðarhúss.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi á útgáfudegi B-deildar Stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 4. október 1999.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.

REGLUR

um fjárveitingar til háskóla skv. 20. gr. laga nr. 136/1997.

I. KAFLI

Framlög vegna kennslu.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hverjum háskóla, sem fær framlag úr ríkissjóði samkvæmt samningi, árlegt framlag, nemendaframlag, vegna sérhvers nemanda sem stundar nám til viðurkenndra námsloka (grunnnámsprófs, fyrsta háskólaprófs eða meistaraþrófs) í samræmi við reglur þessar. Fullt nám er 30 einingar á námsári og endurspeglar alla námsvinnu nemenda; viðveru í kennslustundum, verkefnavinnu og þátttöku í prófum. Hver námseining gerir kröfu til vinnuframlags nemanda við nám, sem svarar vinnuviku. Hverjar fullar 30 námseiningar, sem þreyttar eru á námsbraut, teljast nemandaígildi.

Nemendaframlag er mishátt eftir námsbrautum sbr. 2. gr. Byggist það á gefnum forsendum um umfang og gæði þjónustu og húsnæði og annan aðbúnað í háskóla.

Nemendaframlagi er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins í rekstri hans, m.a. kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annarri aðstöðu sem nemendum og starfsmönnum skólans er látin í té vegna námsins og kennslunnar. Skóli getur aflað viðbótartekna til að standa straum af umframkostnaði við kennsluþáttinn í samræmi við lagaheimildir hans.

2. gr.

Nemendur skulu flokkaðir í nemendabókhaldi skóla á námsbrautir í samræmi við áætluð námslok, þannig að hver nemandi og námseiningar sem hann þreytir, falli aðeins í einn flokk. Enginn getur talist í námi nema á einni námsbraut á hverri önn og teljast einingar hans til tilsvarendi flokks, enda séu námsgreinarinnar hluti af áföngum námsbrautarinnar samkvæmt námskrá. Heimilt er að telja einingar vegna prófa sem nemendur taka án fullnægjandi árangurs. Endurtaki nemendur í þeim tilvikum próf á sama skólaári skulu viðkomandi einingar hans aðeins taldar einu sinni. Hvorki er gerður greinarmunur á fjarnámi